

Fundur í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 27.04. 2017

Símafundur kl 10.00 til kl 11:20 og frá 14 til 14:30

Mættir: Ólafía Jakobsdóttir, Hákon Gunnarsson, Erla Ívarsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Heiða Guðmundsdóttir og Jóna Björk Jónsdóttir sem ritar fundagerð. Orri Páll Jóhannsson boðar forföll.

Formaður svæðisráðs á vestursvæði Heiða Guðný Ásgeirsdóttir setti fundinn og er fundarstjóri.

Heiða Guðný bíður alla velkomna og þakkar Ástu Berghildi vinnuframlag sitt sem formanns í forföllum Heiðu Guðnýjar. Frá síðasta fundi hefur nýr þjóðgarðsvörður fyrir vestursvæði verið ráðinn og fagnar fundurinn ráðningu hans.

1) Breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs

Engar breytingar eru á afstöðu svæðisráðs frá umfjöllun svæðisráðsins í vetur.

Ekki eru komnar inn allar breytingar uppbyggingu gönguskála við Vonarskarðs – það verður gert í samtali við norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs og mun að því loknu vera tekið fyrir á fundi svæðisráðs.

2) Kaup eða leiga á jörðunum Þverá og Heiði

Vilji svæðisráðsins er að skoða málið betur og bera undir næsta svæðisráðsfund. Jóna Björk og Heiða Guðný munu vinna að því að safna frekari gögnum.

3) Sumarið framundan

Ef ekki mun berast viðbótarfjárveiting mun landvarsla í þjóðgarðinum dragast mikið saman. Verndun hálendisins byggir á mannaðri viðveru og upplýsingagjöf þann tíma sem vegir inn á svæðin eru opnir en nú er aðeins hægt að manna viðveru landvarðar fram í aðra viku september mánaðar og er það algerlega ólíðandi. Fyrirbyggjandi aðgerðir með upplýsingum til ferðamanna eru mjög mikilvægar og var rekin upplýsingaveita í Hrauneyjum í fyrrasumar til að ná til ferðamanna á leið þeirra inn á hálend. Nauðsynlegt er að aukafjárveiting fái til að halda þeirri góðu vinnu áfram en ljós er að hún skilaði miklum árangri.

Enn fremur er láglendislandvarsla á fjölförnum ferðamannaleiðum og áfangastöðum í byggð nauðsynleg til að tryggja sjálfbæra ferðaþjónustu og er aukið samstarf stofnana og sveitarfélaga með landvörslu eitt af stefnumálum nýs umhverfisráðherra og var samstarf milli Vatnajökulspjóðgarðs og Skaftárhrepp síðast liðið sumar gott dæmi þar um.

Vatnajökulspjóðgarður sér um mönnun, setur upp dagskipulag og annast faglega ráðgjöf en á móti fá landverðir í upplýsingaveitum þjóðgarðsins betri þekkingu á ástand áfangastaða, álag á starfsmenn verður fjölbreyttara og starfsánægja meiri auk þess sem samlegðaráhrif verða í upplýsingagjöf.

Svæðisráð vestursvæðis leggur einnig þunga áherslu á að heilsársopnun Skaftárstofu, í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, verði fjármögnuð frá haustinu 2017 og þar til ný gestastofa opnar

4) Staða á hönnun Gestastofu þjóðgarðsins og göngubrú yfir Skaftá við Kirkjubæjarklaustur.

Hönnun Gestastofunnar er í vinnslu og komin á lokastig. Væntanlega verður fyrsta skóflustungan tekið seinni part sumars.

5) Flutningur aðalskrifstofu þjóðgarðsins að Einhleypingi 1 á Egilsstöðum.

Farið var yfir aðdraganda flutningsins en ákvörðunin kom flestum á óvart.

6) Önnur mál

Varaformanni svæðisráðsins hafa borist upplýsingar um að umsókn eins umsækjanda um starf þjóðgarðsvarðar hafi ekki borist til Capacents.

Fundi frestað til klukkan 14

Framhaldsfundur kl. 14:00 til 14:30. Allir mættir auk Þórðar H. Ólafssonar framkvæmdastjóra VJP, Þóru Pétursdóttur og Ragnheiður Dagsdóttur starfsmanna Capacent.

Þórður greinir frá mistökum í nýafstöðnu ráðningarferli þjóðgarðsvarðar. Þóra fór yfir málið og ræddi Ragnheiður mögulega eftirmála. Svæðisráðið harmar mjög þessa handvömm og er einsýnt að endurskoða þurfi allt ráðningarferli þjóðgarðsins.

Fundaritari

Jóna Björk Jónsdóttir